

DAGSKRÁ
CATALOGUE
29. SEPTEMBER
TIL 9. OKTÓBER
2 0 0 5



L' O R É A L PARIS

Fyrsti farðinn frá Loréal sem **aðlagar**
sig **fullkomlega** að lit og áferð húðar.

NÝTT true match

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun

HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar.
Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegri.
Örfín áferð farðans gerir húðina lýtalaus.
Ríkt af B5 og E vítamínunum.

HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttari áferð.
Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þinni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS



Milla notar
True Match
lit N5 Sand





Gaman, drama, spenna og hryllingur

Nú fögnum við því að önnur Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík er orðin að veruleika. Hún er rekin af áhugafólki og fagfólki sem hefur mikinn metnað fyrir hönd íslenskrar kvikmynda- og bíóhúsameningar. Sá hópur hefur hug á að stofna til þeirrar kvikmyndahátíðar sem hér hefur alltaf vantað og er til í nánast öllum löndum sem við berum okkur saman við, kvikmyndahátíðar sem skiptir máli fyrir áhugafólk um kvikmyndir jafnt sem hið öfluga samfélag fagfólks sem orðið hefur til hér á landi á undanförnum áratugum, kvikmyndahátíðar sem leiðréttir þá undarlegu þversögn, sem einkennt hefur íslenskt kvikmyndasamfélag þennan tíma, að um leið og hér hefur verið sífellt öflugri kvikmyndaframleiðsla hafa bíosýningar kvikmyndahúsanna einkennt af stöðugt minni metnaði.

Hátíðin stefnir að því að bæta og auðga íslenska bíómenningu. Jafnframt er stefnt að að því að gera Reykjavík að alþjóðlegri kvikmyndahátíðarborg en til þess þarf hátíðin að verða skurðpunktur þess ferskasta og áhugaverðasta sem er að gerast í alþjóðlegri kvikmyndagerð. Okkur hefur þegar miðað vel í þá átt en ráðinn hefur verið til starfa mjög virtur dagskrárstjóri, Dimitri Eipides, sem hefur mikla reynslu og þekkingu á kvikmyndum en hann hefur þann starfa m.a. að ferðast á milli hátíða og velja nýjar og spennandi kvikmyndir. Þá höfum við á að skipa mjög sterkri dagskrárnefnd en í henni sitja

þungavigtarmenn á sviði kvikmynda hér á landi og erlendis. Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík á að vera árviss viðburður að hausti til og markmiðið er að sýna nýjar myndir frá öllum heimshornum en ógrynni margverðlaunaðra kvikmynda koma aldrei fyrir augu íslenskra kvikmyndahúsagesta. Að þessu sinni sýnum við yfir 50 óháðar kvikmyndir frá um 26 þjóðlöndum á ellefu dögum! Hver mynd verður einungis sýnd að meðaltali tvisvar eða þrisvar sinnum sem er nýlunda, færstar þeirra verða áfram í bíó að hátíð lokinni auk þess sem ólíklegt er að rekast megi á þær á myndabandaleigunum þar sem þær eru færstar í eigu íslenskra dreifingaraðila í það minnsta enn sem komið er. Ekki er hægt að ætlast til þess að fólk leggi niður störf og fari bara í bíó í ellefu daga en þá er bara að velja og hafna. Til þess er leikurinn gerður.

Hátíðin stefnir og að því að verða virk þekkingarsmiðja fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn, fræðimenn og áhugafólk en hingað bjóðum við virtum kvikmyndagerðarmönnum, leikurum og fræðimönnum til þess að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Þessi hátíð hefði aldrei orðið að veruleika ef Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefði ekki tekið af skarið og samþykkt styrkveitingu til okkar. Reykjavíkurborg á einnig þakkir skyldar. Við stöndum auk þess í mikilli þakkarskuld við Baug og Landsbankann sem hafa trú á hátíðinni en ritað hefur verið undir 3 ára samstarfssamning við þessi fyrirtæki. Áfram Baugur og Landsbankinn! Auk menningarlegra og félagslegra áhrifa sem hátíð af þessu tagi hefur, mun hún einnig skapa tekjur í þjóðarbúið, hún hefur keðjuverkandi áhrif. Það græða allir hvernig sem á það er litið.

Það eru margir sem leggja hönd á plóg þegar um stóran viðburð sem þennan er að ræða, fjöldi einstaklinga og fyrirtækja hafa lagt okkur lið á einn eða annan hátt. Mig langar sérstaklega að þakka nemendum og kennurum í kvikmyndafræði við bókmenntafræðiskor Háskóla Íslands með Guðna Elísson lektor í fararbroddi, frábærri dagskrárnefnd, dómnefnd og öllum kvikmyndagerðarmönnum og sjálfböðaliðunum sem starfa að hátíðinni. Mig langar einnig að þakka sérstaklega Dimitri Eipides og starfsfólki hátíðarinnar þeim Heiðu, Hafsteini, Atla, Hönnu, Helenu og Malín.

Sem kvikmyndahátíð förum við yfir mörk og tökum áhættur alveg eins og kvikmyndagerðarmennirnir sjálfir. Áhorfendur njóta góðs af. Bíóferðin breytist í ævintýri. Gestir kvikmyndhátíðar eiga von á hinu óvænta. Það er eitthvað fyrir alla aldurshópa; Gaman, drama, spenna og hryllingur. Við sýnum að þessu sinni leiknar myndir, heimildarmyndir og nokkrar stuttmyndir en formin verða vonandi fleiri á næsta ári.

Nú er tími til kominn að fara í bíó. Sjáumst á hátíðinni.

Hrönn Marinósðóttir,
stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík

Comedy, drama, action and horror

It is time to celebrate the fact that the second Reykjavik International Film Festival is here. This festival came to be because of the lack of ambition that has characterized Icelandic film culture for years. It is run by enthusiasts and professionals who have every intention of establishing the film festival that has always been missing in Iceland but exists in almost every country we like to compare with, a film festival that matters for film enthusiasts as well as the powerful community of film professionals that has been established in Iceland over the last decades, a film festival that corrects the bizarre contradiction that during this time of increasing film production in Iceland the selection of films available to the public is less and less ambitious.

The Reykjavik International Film Festival hopes to better and enrich Icelandic film culture. We also hope to make Reykjavik an international film festival city, but to do so the festival must become the very vortex of independent international filmmaking. We have come close by hiring the respected programmer Dimitri Eipides, but his experience with festival programming will help us to attain the most interesting films available. We have also been blessed with a great programming committee compromised of heavyweights in Icelandic and international filmmaking.

Reykjavik International Film Festival should be an annual event and it aims to screen new films from every corner of the world, films that an Icelandic audience would otherwise never be able to see. This year we will be screening over 50 independent films from 26 countries in eleven days! Every film will only be screened two or three times and very few of them will continue to grace our theatres or show up at video rentals. Of course, we do not expect people to leave their work and stay in the cinemas for almost two weeks, but we encourage you to study this catalogue well and single out the films that interest you the most.

We also aim at becoming a fountain of knowledge for Icelandic filmmakers, academics and amateurs by inviting a number of directors, actors and scholars to give insight into their work.

This festival is being born because of the support from our Minister of Education and Culture, Þorgerður Katrín

Gunnarsdóttir. We would also like to thank the City of Reykjavik and our signature sponsors Baugur and Landsbankinn, but they have agreed to aid us in the evolution and construction of the festival for the next three years. A festival of this sort can have an immense cultural and social effect, but it will also be a chain reaction of a source of income for everyone willing to take part in the festival.

A large-scale event like the Reykjavik International Film Festival would not have happened without the good help of individuals and companies alike. We would like to thank the students and teachers of the newly established film studies at the University of Iceland, especially Guðni Elisson, head of faculty, our magnificent jury and every filmmaker and volunteer helping us out. It is amazing what can be done with co-operation. I would also like to thank the employees of the festival, Heiða, Hafsteinn, Hanna Björk, Helena, Atli and Malín for their hard work, and of course special thanks to Dimitri Eipides. As a film festival we cross borders and take risks much like the filmmakers themselves, which will benefit the audience. For a few days the theatre turns into a world full of adventures, where our guests can expect only the unexpected, something for every age, every individual, be it comedy, drama, action or horror. This year we'll be screening fiction and documentary, and two short films.

But for now, it's time to go to the movies. See you there!

Hrönn Marinósðóttir,
Festival Director

Efnisyfirlit Table of Contents

Miðasala Ticket Sales.	8
Um Abbas Kiarostami About Abbas Kiarostami	18
Sérstakir viðburðir Special Events	24
Fyrir opnu hafi Open Sea.	30
Vitránir New Visions.	39
Í kastljósinu: Abbas Kiarostami Spotlight Abbas Kiarostami. . .	46
Sjónarrönd: Íran Iranian Horizon	48
Mannréttindi Human Rights	50
Norsk kvikmyndagerð Norwegian Cinematography.	53
Krakkabíó Children's Cinema.	55
Miðnæturbíó Midnight Movies	56
Sérsýningar Special Screenings	57

Starfsmenn – Staff



Hrönn Marinósdóttir
stjórnandi
Director



Hanna Björk Valsdóttir
umsjón með gestakomum
Guest Coordinator



Heiða Jóhannsdóttir
dagskrárumsjón
Programming Coordinator



Helena Stefánsdóttir
umsjón með filmum og bíósýningum
Print Traffic Coordinator



Hafsteinn Ævar Jóhannsson
skipulagsmál
Festival Coordinator



Dimitri Eipides
dagskrárstjóri Vitrana og sérlegur ráðgjafi
*Programming Director of New Visions and
General Program Advisor*



Atli Bollason
umsjón með vef og texta
Web and Text Supervision

Dagskrárnefnd

Heiðursformaður dagskrárnefndar:
Helga Stephenson, fyrrum stjórnandi Toronto kvikmyndahátíðar

Baltasar Kormákur, kvikmyndaleikstjóri
Dagur Kári Pétursson, kvikmyndaleikstjóri
Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi
Heiða Jóhannsdóttir, kvikmyndagagnrýnandi
Ottó Geir Borg, handritshöfundur
Mireya Samper, myndlistamaður
Þorfinnur Ómarsson, framkvæmdastjóri
Ólafur H. Torfason, kvikmyndagagnrýnandi

Programming Committee

Honorary Chairman:
Helga Stephenson, former Director of the Toronto International Film Festival

Baltasar Kormákur, Film Director
Dagur Kári Pétursson, Film Director
Sigurjón Sighvatsson, Film Producer
Heiða Jóhannsdóttir, Film Critic
Ottó Geir Borg, Screenwriter
Mireya Samper, Artist
Þorfinnur Ómarsson, Executive
Ólafur H. Torfason, Film Critic


Ritnefnd: Heiða Jóhannsdóttir, Hanna Björk Valsdóttir. Atli Bollason, Ljósmynd á forsiðu: Alda Sverrisdóttir



cintamani.is

Our goal is simple, to keep icelanders and visitors warm & comfortable.

YOU'LL FIND CINTAMANI OUTDOOR WEAR AND THE "LOPAPEYSA" AT ALL MAJOR SPORTS SHOPS AND TOURIST SHOPS IN ICELAND



MADE IN ICELAND

Fimmtíu myndir,
ellefu dagar,
sjö flokkar,
þrjú bíó,
einn passi.

Hvað er á seyði?

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík var stofnuð árið 2004 og er að mörgu leyti einstök hátíð á heimsvísu. Hér gefst fólki tækifæri til þess að sjá rjóma alþjóðlegrar kvikmyndagerðar, hitta ferskustu leikstjóra samtímans, fræðast um heiminn á bak við hvíta tjaldið, skoða framandi ljósmyndasýningar, skella sér út að borða og hreinlega njóta þeirrar stórkostlegu hátíðar-stemningar sem skapast í miðbænum þá ellefu daga sem hátíðin stendur yfir? Þetta er í raun einstakt tækifæri til þess að vera eins og ferðamaður í eigin borg.

Auk þess að bjóða upp á nær 50 myndir sem henta öllum aldurs- og þjóðfélagshópum, ekki síst þeim sem hafa fengið sig fullsadda af einsleitni þeirra kvikmynda sem kvikmyndahúsin bjóða upp á árið um kring, þá skipuleggur hátíðin listsýningar, málþing, námskeið og aðra skemmtilega viðburði.

Hvað er í boði?

Það er um að gera að henda þessum bæklingi ekki í ruslið, því hér muntu finna upplýsingar um allar þær myndir og alla þá viðburði sem hátíðin stendur fyrir. Hver veit nema þig grípi óstjórnleg löngun næstu vikur til þess að sjá óvenjulega banda-ríska heimildamynd, japanska teiknimynd, sækja námskeið í kvikmyndagerð eða sjá hollenskan spennutrylli, eða skella þér á bestu bari bæjarins með annáluðum kvikmyndasnillingum, svo dæmi séu tekin. Á vefnum www.filmfest.is eru einnig upp-lýsingar um dagskrá hátíðarinnar og í lðu við Lækjargötu verður upplýsingaborð á meðan á hátíðinni stendur.

Af hverju þessi hátíð?

Munurinn á þessari hátíð og hefðbundnum bíósýningum felst t.d. í því að í mörgum tilfellum verður aðstandandi kvikmynda-rinnar viðstaddur og getur svarað þeim spurningum sem kunna að vakna að sýningu lokinni. Myndirnar koma frá öllum heims-hornum, nánast hverju einasta krummaskuði, og virka því sem gluggi inn í fjarlæga menningarheima. Í sumum tilfellum er um Evrópufrumsýningar að ræða, svo þér mun vafalítið líða eins og þú sért viðstaddur sögulegan viðburð.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík er þitt tækifæri til að slaka á í amstri dagsins og njóta þess augnakonfekts sem við bjóðum upp á og kæmi annars aldrei fyrir sjónir þínar, ekki einu sinni úti á myndbandaleigu.

Hvar kaupi ég miða?

Í lðu í Lækjargötu verður hægt að kaupa miða, afsláttarkort og passa sem gildir á allar almennar sýningar hátíðarinnar. Þ.e. fimmtíu myndir fyrir einn passa. Afsláttarkort og stakir miðar verða einnig til sölu í bíóhúsunum, Tjarnarbíói, Regnboganum og Háskólabíói og einnig er hægt að kaupa miða á óvissubíó og sýningar að viðstöddum leikstjórum á www.midi.is.

Stakir miðar: 800 kr.
Miðnæturbíó: 1000 kr.
Krakkabíó: 200 kr. fyrir börn yngri en 12 ára,
500 kr fyrir fullorðna
Afsláttarkort (6 myndir): 3000 kr.
Passi: 8000 kr. Passinn er á sérstöku tilboðsverði þar til hátíðin hefst, eða á 6000 kr.
Handhafar passa mæta í miðasölu minnst 15 mínútum fyrir sýningu. Þar fá þeir útgefinn miða á sýninguna. Við kaup á passa er tekin ljósmynd af handhafa passans og hún látin fylgja passanum. Ef fólk kýs frekar að velja eigin mynd, þá er hægt að senda hana á tölvupóstfangið info@filmfest.is eða koma með hana í lðu.

Við hvetjum fólk til að mæta snemma og tryggja sér miða þar sem sætapláss er takmarkað. Í lðu fást einnig miðar á sérsýningar eða sýningar að viðstöddum leikstjórum.

Eru myndirnar bannaðar?

Kvikmyndaeftirlitið telur sumar myndanna ekki við hæfi barna. Aðrar myndir hefur eftirlitið ekki enn séð og því er mikilvægt að lesa sig vel til um hvað þær fjalla áður en farið er í bíó. Nánari upplýsingar á www.filmfest.is

Hátíðin fer fram í...

Regnboganum,
Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, sími: 551 9000
Tjarnarbíói,
Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík, sími: 561 0280
Háskólabíói,
Hagatorgi, 107 Reykjavík, sími: 530 1919

Fifty films,
eleven days,
seven categories,
three cinemas,
one pass.

What is going on?

Reykjavik International Film Festival, launched in 2004, holds in many respects a unique position among film festivals organized around the world. How often are festival-goers given the chance to catch the cream of recent festival films, see a dozen of amazing flicks from the world's youngest and most talented directors, meet foreign film pioneers, see the shimmering Northern lights, enjoy a glacier-trip, attend informative seminars and symposiums, experience the wildest nightlife north of Rio and kick back in the Blue Lagoon – all during the same festival?

Yes, RIFF is a lot more than a simple assortment of films. Set in the world's most exciting capital, RIFF offers movie buffs everything they could ever want from a festival. We have a top-notch programme, including a category supervised by world known programmer Dimitri Eipides, a selection of movies from every last corner of the world and more.

And is there more?

RIFF is focused on becoming a fountain of knowledge for Icelandic film culture and film studies. During the festival, seminars and courses will be offered introducing important local as well as foreign filmmakers and film specialists.

When you get home from an intense day of movie-going and self-educating, the evening is just beginning. RIFF will organize various social events nearly every night in the Reykjavikian jungle of pubs, bars, restaurants, concerts, galleries, museums and clubs. Icelanders being known for partying ‘till the break of dawn and not knowing when to stop, we recommend that you be prepared for staying up late.

Why are you doing this?

We intend to change the criteria for film festivals in Iceland; our sincere goal is to become a cultural event noticed both locally and overseas. If we're successful the festival will become a popular stop for both local and foreign film lovers and professionals within a few years.

This catalogue is your ultimate guide for the next couple of weeks, the tool for planning a prefect cinematic vacation. You'll find information on every single film, all our special events. Much of this information can also be found on our web: www.filmfest.is or by chatting with the good people of lða in Lækjargata.

Where do I buy tickets?

In lða, Lækjargata, you'll be able to buy a festival pass that's valid for all of our screenings. That's 50 films, mind you. Special discount tickets granting access to 6 films and single tickets are sold at the cinemas.

Single ticket: 800 kr.
Midnight movie programme: 1000 kr.
Children's Cinema: 200 kr. for children under 12 years of age, 500 kr. for adults
Special discount ticket (6 films): 3000 kr.
Festival pass: 8000 kr. The festival pass will be sold at a discount price of 6000 kr. until the festival begins.
Pass-holders should show up at the cinemas at least 15 minutes prior to screening where a ticket will be issued. Upon purchas-ing a pass a photograph will be taken of the pass-holder. If people prefer to choose their own photograph it can be sent via e-mail to info@filmfest.is

We encourage people to show up early since the number of seats is limited.

The festival will take place in...

The Rainbow-cinema,
Hverfisgata 54, 101 Reykjavík, tel: 551 9000
The Pond-cinema,
Tjarnargata 12, 101 Reykjavík, tel: 561 0280
The University-cinema,
Hagatorg, 107 Reykjavík, tel: 530 1919



The best in fur and leather
Bestir í pelsum og leðri

PELSINN 
Kirkjuhvöli - sími 552 0160



Skólabrú
Skólabrú er einn af bestu skólum landsins.
Hér fagmennska og kenna. 022-4422
skolabru@skolabru.is





Ávarp menntamálaráðherra

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík er nú haldin í annað sinn og er ástæða til að vona að hún festist í sessi. Hún hefur þegar skipað sér sérstöðu sem felst áherslum á fræðslu og þekkingarmiðlun í samvinnu við ýmsar stofnanir. Nefna má samstarf við Háskóla Íslands um námskeið í kvikmyndafræðum fyrir B.A. nemendur og málþing um kvikmyndir og viðfangsefni þeirra í samvinnu við UNIFEM.

UNESCO (Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna) hefur beitt sér sérstaklega fyrir því að auka skilning fólks á nauðsyn menningarlegrar fjölbreytni. Menning og listir eru hinn sérstaki auður þjóðanna og fyrir hvert tungumál, siði og hefðir sem hverfa verður heimsbyggðin fátækari. Á tímum mikilla hreyfinga fólks á milli landa og fjölmennningarlegra samfélaga, er nauðsynlegt að efla skilning og umburðarlyndi á menningu og hefðum þjóða og þjóðarbrotta. Einn liður í þeirri viðleitni er að auka þekkingu fólks á eigin menningu því sá sem virðir eigin hefðir er líklegri til að skilja siði annarra. Þannig tvinnast saman þörfin fyrir öflugt eigið menningarlíf og nauðsyn þess að kynnast fjölbreyttri menningu fólks frá öllum heimshornum. Þetta tvennt sameinast í Alþjóð-legu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík og er það fagnaðarefni.

Gjarnan er sagt að sjálfsmynd einstaklingsins á hverjum tíma sé samansett úr áhrifum þess umhverfis sem hann lifir og hrærist í. Á okkar tímum eru fjölmiðlar, þar með taldar kvikmyndir, gríðarlegur áhrifspáttur í umhverfi okkar. Það hlýtur því að vera kappsmál upplýstra menningarsamfélaga að tryggja að mikil fjölbreytni ríki einnig á þessu sviði. Því miður hefur sú ekki verið raunin hvað varðar framboð á kvikmyndum í kvikmyndahúsum og í sjónvarpi og má líta á kvikmyndahátíðir sem viðleitni til að sporna gegna því. Það er engu að síður áhyggjuefni hve kvikmyndahúsin bjóða einsleitt efni til sýninga og eru þau hvatt til að ráða bót á því.

Aðstandendum alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og öllum unnendum góðrar kvikmyndalistar er óskað til hamingju með hátíðina. Njótíð vel.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir
Menntamálaráðherra

Minister's address

Reykjavík's international film festival is now being celebrated for the second time and there is cause to hope that the festival is here to stay. It has already established itself as unique in respect to emphasizing education and promotion of film knowledge in collaboration with various organizations. One of the chief grounds for this is its relation with The University of Iceland where a special course in Film Studies has been set up for B.A. students, as well as the organization of a symposium on films and film subjects in collaboration with UNIFEM.

UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization) has made a particular effort to increase people's acceptance of cultural diversity. Art and culture are a unique wealth to every country and for each language, custom or tradition that disappears from this world, we become a little poorer. During times of increased interaction between nations and multi-cultural societies there is a great need to increase understanding and tolerance of other people's customs and the traditions of nations and nationalities. One way is to increase people's knowledge of their own culture, since he who respects his own traditions is more likely to understand the traditions of other nations. In this way the need for a powerful cultural life and the need to become familiar with the diverse culture of people from all over the world become intertwined. These two things are united in Reykjavík's International Film festival which is a cause for celebration.

It has often been said that an individual's self image is a combination of influences from his environment. These days the media, among these cinema, has a powerful impact on our close environment. Therefore it must be of the utmost importance that informed societies ensure that great diversity exists also in this field. Unfortunately this has not been the case in connection to the variety of films offered in cinemas and in television. Consequently we can consider the film festival as an effort to remedy that. It is still a matter for concern how limited the selection is in cinemas and I urge those who are able to, to mend it.

The organizers of RIFF and all lovers of good cinematic art are hereby congratulated on this festival. Enjoy.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir
Minister of Education and Culture



Mayor's Address

It is an ambitious Film Festival we are about to experience in Reykjavik. For decades Icelandic film professionals and enthusiasts have presented us with cutting-edge films, but now the aim is higher. Now, the goal is to establish an event on an international scale.

Such plans bear witness to the self-confidence that characterises Icelandic culture and art-life these days. It is also pleasing to see that the organizers of Reykjavik International Film Festival see it as an asset to integrate knowledge in the Reykjavik academia to enhance the festival's quality, as its diverse programme shows.

The City of Reykjavik has some experience in staging and developing internationally renowned events, Reykjavik Art Festival probably being the most noted. It is imperative in developing such events that guests are offered a variety of superb art and a unique experience.

The Reykjavik International Film Festival's programme makes clear its organizers' ambitions. While I bid all guests of the festival welcome, I wish The Reykjavik International Film Festival the great success it deserves.

Steinunn Valdis Oskarsdóttir
Mayor of Reykjavik

Ávarp borgarstjóra

Það er metnaðarfull kvikmyndahátíð sem nú fer í hönd í höfuðborginni. Síðustu áratugi hafa borgarbúar mátt treysta því að fagfólk og áhugafólk um góðar kvikmyndir hefur boðið borgarbúum upp á marga þáð framsæknasta úr kvikmyndaheiminum. Nú er markið sett hærra. Nú er stefnt að því að byggja upp alþjóðlegan viðburð sem mark verður tekið á.

Það er til marks um það sjálfstraust sem einkennir íslenskt listalíf nú um stundir að slík áform skuli höfð uppi. Einkar ánægjulegt er að aðstandendur hátíðarinnar skuli sjá sér akk í því að leita út í þekkingarsamfélagið í Reykjavík til að dýpka inntak hátíðarinnar eins og fjölbreytt dagskráin ber með sér.

Reykjavíkurborg hefur reynslu af því að byggja upp slíka viðburði og er nafn Listahátíðar í Reykjavík þar trúlega þekktast. Grundvallaratriði í þeirri vinnu hefur verið að bjóða jafnan upp á góða fjölbreytta dagskrá, þar sem gestir hátíðarinnar hafa getað lagt fingurinn á púlsmenningarinnar.

Dagskrá kvikmyndahátíðar í Reykjavík ber þess merki að sami metnaður er þar uppi. Um leið og ég býð gesti hátíðarinnar velkomna til Reykjavíkur, óska ég aðstandendum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík velfarnaðar í uppbyggingarstarfi sínu.

Steinunn Valdis Óskarsdóttir
borgarstjóri

Við þökkum samstarfið – We wish to thank our sponsors and partners
Bakhjarlar hátíðar eru Baugur og Landsbankinn



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



HÁSKÓLI ÍSLANDS



DISCOVER ICELANDIC SEAFOOD

At the Reykjavik harbour



Treat yourself to Reykjavik's richest blend of seafood by Our Award-Winning Chefs



Gissur Gudmundsson
Owner of Tveir Fiskar
President of the
Nordic and Icelandic
Chefs Association
European Continental
Director for World
Association of Cooks
Societies



tveir fiskar

Geirsgata 9, 101 Reykjavik
+354 511 3474
restaurant@restaurant.is
www.restaurant.is

Kærar þakkir – *With gratitude:*

Karl J. Steingrímsson
Einar Gústavsson
Ólafur Sörli Kristmundsson
Guðrún Helga Jónasdóttir
Kristens Guðfinnsson
Per Landrö
Guðrún Kristjánsdóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Jóhanna Vilhjámsdóttir
Soffía Haraldsdóttir
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir
Halldór Birgisson
Halldór Einarsson
Jóhanna Jóhannsdóttir
Guðjón Guðmundsson
Helgi Mar Árnason
Elísabet Ronaldsdóttir
Ivar H. Jónsson
Gunnlaugur Einarsson
Georg Guðni Sjö
Þorsteinn Þorsteinsson
Július Hafsteinsson
Sigurður Stefánsson
Ásta Guðjónsdóttir
Bjarni Randver Sigurvinsson
Unnur Steinsson
Arna Guðlaug Einarsdóttir
Tómas Hermannsson
Steinn Lárusson
Guðmundur S. Þorvaldsson
Magnús Arason
Rúnar Gunnarsson
Sigríður Óskarsdóttir
Helga F. Edwardsdóttir
Páll Óskar Hjalmtýsson
Einar Árnason
Pétur Óskarsson
Árni Blandon
Þórarinn Guðnason
Ástráður Eysteinnsson
Guðni Elisson
Erlendur Sveinsson
Kjartan Dagbjartsson
Alda Sverrisdóttir
Herbert Sveinbjörnsson
Baldur Kristjánsson
J. Ævar Grímsson
Sigríður Pétursdóttir
Hljómsveitin Bob
Hljómsveitin Atli & Leó
Valur Valtýsson
Anna Wojtyńska
Sif Gunnarsdóttir
Vilhjálmur Knudsen
Ólafur Jóhannesson
Björn I. Hrafnsson
Guðmundur Stefán Þorvaldsson
Ómar Örn Hauksson

Gunnar Gunnarsson
Helgi I. Jónsson
Pálmar S. Sigurgeirsson
Gísli Einarsson
Halldór Einarsson
Iris Ellenberger
Kolbeinn Einarsson
Kolbeinn Bjarnason

Ms. Elisa Resegotti, Italy
Mr. Christian Juhl Lemche, Denmark
Ms. Charlotte Appelgren, Denmark
Mr. Klaus Eder, Germany
Ms. Raissa Fornina, Moscow
Ms. Katayoon Shahabi, Teheran
Ms. Katalin Vajda, Budapest
Mr. Thanassis Karathanos, Berlin
Mr. Martin Schweighofer, Vienna
Ms. Tanya Seghatchian, London
Mr. Amir Esfandari, Teheran
Mr. Behrooz Hashemian, Paris
Mr. Stefan Uhrík, Prague
Mr. Mirolyub Vuckovic, Belgrade
Mr. Mohammad Attebai, Teheran
Mr. Alberto Barbera, Turin
Ms. Anne Laurent, Vienna
Ms. Maria Roussis, Athens
Mr. Lucie Kalmar, France
Ms. Pascale Ramonda, France
Mr. Robin Rhodes, Canada
Ms. Karen Bruce, Canada
Mr. Cam Haynes, Canada
Ms. Jolanta Galicka, Poland
Mr. John Riley, Czech Rep.
Mr. Gijs van de Westelaken, Holland
Mr. Bahman Ghobadi, Iran
Ms. Asha Veal, USA
Ms. Stine Oppegard, Norway

Farabi Cinema Foundation, Teheran
Twenty, Twenty Productions, Berlin
Magyar Film Unio, Budapest
Kanoon Film Productions, Teheran
Austrian Film Commission, Vienna
Intercinema, Moscow
Swiss Film Center, Zurich
Istituto di Cinema, Turin
Karovly Vary Film Festival
Toronto Film Festival

Film Circuit, Canada
Foreign Affairs Canada
The Toronto International Film Festival Group
Film Polski
Dansk Film Institute
Norsk Film Institute
Finsk Film Institute

J.C. Ísland
Artificial Eye Film Company
Celluloid Dreams
Wild Bunch
Bavaria Film International
Palm Pictures, Los Angeles
The Works Ltd.
Column Productions,
- Amsterdam
Mijfilms, Teheran
Kids-with-cameras
Wide Management
Icealand Naturally
Metro Goldwyn Mayer

Þakkir til Kanada

Kanada er stundum kölluð Hollywood norðursins þar sem margar bandarískar myndir eru framleiddar þar. Í fyrra kynnti hátíðin fyrir íslenskum áhorfendum þá Sturlu Gunnarsson og Guy Maddin kvikmyndaleikstjóra sem eru af íslensku bergi brotnir. Engin ástæða er til að láta þar við sitja því kanadískar myndir hafa átt miklu fylgi að fagna undanfarin ár og á hátíðinni verða sýndar nokkrar af þeim bestu. Hátíðin þakkar Cam Haynes frá Film Circuit deild Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Toronto fyrir hjálpina en hann kemur hingað til lands ásamt Welcrow Ripper kvikmyndagerðarmanni og François Prévost leikstjóra What Remains of Us. Þá koma hingað einnig kvikmyndagerðar-mennirnir Ellen Flanders með mynd sína Zero Degrees of Separation og Stuart Samuels með heimildarmyndina Midnight movies; From the Margin to the Mainstream. Þessar myndir verða sýndar í hinum ýmsu flokkum á hátíðinni.



Thanks to Canada

Canada is sometimes referred to as the Hollywood of the North, because many U.S. films are produced there. At last year's festival Icelandic audiences were introduced to film directors Sturla Gunnarsson and Guy Maddin, who can both trace their bloodline to Iceland. Canadian cinematography is assuring itself among the best in the world and this year the festival is presenting a few of the best Canadian films of this year. The festival thanks Cam Haynes of Film Circuit, which is part of the Toronto International Film Festival, for his assistance and support to the festival. He is attending alongside documentary filmmaker Welcrow Ripper who is presenting ScaredSacred and François Prévost who will be presenting What remains of Us. In addition, Canadian filmmaker Ellen Flanders will accompany her film Zero Degrees of Separation and documentary filmmaker Stuart Samuels will present his film Midnight Movies: From the Margin to the Mainstream. These films are all part of the different sections of the festival.



GOETHE ZENTRUM
REYKJAVÍK



Heiðursgestur hátíðar

Heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í ár er íranski kvikmyndaleikstjórinn Abbas Kiarostami, en hann er víðfrægasti og áhrifamesti leikstjóri Írans auk þess sem nafn hans er mjög þekkt víða um heim í óháðri kvikmyndagerð. Honum verða veitt sérstök heiðursverðlaun á hátíðinni fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar. Af því tilefni býður hátíðin upp á sérstaka heiðursdagskrá tileinkaða Kiarostami. Flokkurinn **Kastljós á Kiarostami** beinir sjónum sínum að eldri verkum Kiarostamis. Í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur verður sett upp sýning á ljósmyndum hans, nýjasta stuttmynd hans, **Veginir**, verður Evrópufrumsýnd á hátíðinni, og Kiarostami mun einnig halda námskeið í kvikmyndagerð. Frekari upplýsingar um allar þessar upptökur er að finna í þessu riti.

ABBAS KIAROSTAMI: LIST MYNDSKÖPUNARINNAR

„Ég leita hinna einföldu sanninda sem leynast undir yfirborðinu. Meðan ég tek upp myndir mínar uppgötva ég oft tengsl sem búa utan sögunnar sjálfrar, á bak við myndarammann. Stundum verð ég hugfanginn af þessum tengslum og finn þörf til að beina linsunni að þeim.“

Þessi orð Kiarostamis kjarna kvikmyndalist hans, sem felur í sér einstaklega grípandi og ljóðræna birtingarmynd veruleikans. Með því að samræma þætti úr skáldskap og heimildarmyndagerð, hefur Kiarostami skapað sér persónulegt tungutak, þar sem hann auðgar list sína með því að flakka á milli listgreina á borð við kvikmyndalist og ljósmyndun. Með því að nota einfaldar og naumhyggjulegar aðferðir, áhugaleikara og náttúrulegt umhverfi, þá skilur Kiarostami sig algjörlega frá þeim framleiddu tilfinningum og hátíðleika sem einkenna kvikmyndagerð nútímans. Í gegnum myndir sínar tjáir hann eilífa baráttu mannsandans gegn óréttlæti, brostnum vonum og Guði. Þessar tilfinningar fléttar hann saman við frásagnir af hvunn dagshetjum og eigin ævi, sem oft rambar á barmi hins skáldlega.



Kiarostami fæddist í Teheran árið 1940 og ólst upp í einangruðu umhverfi þar sem fátt annað var við að vera en að teikna og mála. Hann starfaði um skeið sem lögreglumaður áður en hann skráði sig í listaháskóla. Afskipti hans af kvikmyndagerð hófust þegar hann hóf störf sem teiknari, textahöfundur, ljósmyndari, og síðar leikstjóri hjá auglýsingastofu. Þar leikstýrði hann um 150 auglýsingum. Hann stofnaði kvikmyndadeild Kanoon sjóðsins og leikstýrði 22 stuttmyndum auk lengri mynda á árunum 1970 til 1992. Fyrsta meistaraverk Kiarostamis, Hvar er heimili vinarins (1987) er innblásið af hegðun barna hans og vina þeirra, auk ljóðs eftir Sohrab Sepehri. Myndin er áhugaverð fyrir þær sakir að hún sýnir okkur hvernig jafnvel einfaldasta ævintýri getur breyst í dulúðlegt ljóð um fæðingu samviskunnar og vináttu við upphaf unglingsáranna.

Dimitri Eipides

ABBAS KIAROSTAMI: THE ART OF IMAGE MAKING

“I seek the simple truths that hide behind appearances. While shooting my films, I often discover relations and facts, which exist and evolve outside my main topic, behind the camera-situations that attract and move me more. And so I feel the need to turn my lens on them.”

This statement of Kiarostami sums up his cinematic practice, an exceptionally penetrating and poetical depiction of reality. By fitting together the fiction and documentary genres, Kiarostami has managed to invent an utterly personal language, which enriches the wealth of the former genre with the authenticity of the latter. His films are a true baptism in spirituality. The primitive and mimalist tableaux vivants, animated by amateur actors in natural settings, are far removed from the excess, the vulgarity, the gloss and manipulated emotions of consumerist cinema. From up close or from very far away, in close-ups or in very general shots these films observe the human existence so insignificant compared to the world, nature, time and fate as it fights for meaning and happiness up against the most crushing misfortune, broken dreams, or the worst act of God, which leaves behind it ruins and hundreds of dead. Through these films, what is expressed is a different artistic sensibility, which is based neither on the fantasy of the omnipotent filmmaker, not on the multiform attentions of the cinephile. The artistic

Honorary Guest

Reykjavik International Film Festival announces that our honorary guest this year will be Iranian film director Abbas Kiarostami; the most influential and controversial post-revolutionary Iranian filmmaker and one of the most highly celebrated directors in the international film community of the last decade. This year, RIFF is pleased to award Kiarostami for his life time achievement and host a celebratory programme in his honour. The category **Spotlight on Kiarostami** will focus on Kiarostami’s previous work. A photographic exhibition of his will be installed in the headquarters of Reykjavik Energy, his latest short film **The Roads** will have its European premiere at the festival and Kiarostami will host a masterclass on filmmaking. Further information on all these events can be found in this catalogue.

sensibility of an artisan, who truly loves the image as the mother of all the arts and tries through cinema to rediscover the essence. And at the same time, together with the narratives and adventures of his heroes, he manages to intertwine an original form of poetical autobiography, his own persistent effort to return to the source.

Kiarostami was born in Tehran, in 1940 and came to cinema by pure chance. He grew up in isolated surroundings, his only antidote being drawing and painting and, before entering the School of Fine Arts, he worked for a while as a traffic policeman. The road to film opened up when Kiarostami went into advertising, at first as a designer and photographer, later a copy-writer and, finally as the director of about one hundred and fifty commercials. In 1969, he co-founded the Film Department of the Kanoon State Foundation (The Institute for the Intellectual development of Children and Young Adults) for which, from 1970 to 1992, he directed twenty-two short, mid-length and feature films. His first masterpiece, Where is the Friend’s Home (1987) inspired by the behavior of his own children and their friends and from a poem by Sohrab Sepehri, revealed to the West a small miracle: how the most elemental schoolboy adventure can be transformed into a mystical poem on the birth of an ethical conscience and friendship in a boy on the threshold of adolescence.

Dimitri Eipides



Vegir Kiarostamis Ljósmyndasýning

Ljósmyndasýning eftir Kiarostami hefur verið á ferðalagi um heiminn í nokkurn tíma og verður hún sýnd hér á landi í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík. Ljósmyndirnar tilheyra Torino Museum of Cinema, en sýningin hefur nýlega verið í the Victoria & Albert Museum í London og ferðast til San Paolo, Vínar o.fl., en sýningin hefur ekki verið sýnd á Norðurlöndum til þessa. Um er að ræða tvær myndasýrur, önnur ber heitið Vegir Kiarostamis en hin er ónefnd. Vegir Kiarostamis samanstendur af 52 svart/hvítum ljósmyndum sem Kiarostami tók af írönskum sveitavegum á milli 1978 og 2003. Syrpan ónefnda samanstendur af stórum landslagsmyndum (188 x 122 cm). Auk ljósmyndanna fylgir myndbandsinnsetning. Um landslagsljósmyndun segir Kiarostami að „náttúran bjóði manni að taka myndir,” hún sé mikilfenglegur listmálari sem geti látið tré virðast milljón mismunandi hluti eftir því hvernig ljósið skínir á það, eða hversu grannt það sé skoðað. „Í fjölda ára átti ég það til að flýja úr borginni og vissulega leið mér þá miklu betur. Það eitt að fylgjast með umhverfi mínu hafði róandi, næstum töfrandi, áhrif á mig. Áður en ég vissi af var ég kominn út í sveit, stundum í félagsskap, en oftast aleinn. Að geta ekki deilt ánægjunni sem stórkostlegt landslag veitir með einhverjum, er hreinræktuð þjáning. Í gegnum myndavélina get ég deilt þessari reynslu með öðrum,” segir Kiarostami.

Sýning Kiarostamis verður opnuð 1. október í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 og verður stuttmynd leikstjórans, Vegirnir, Evrópufrumsýnd við það tilefni.

The Roads of Kiarostami Photoexhibition

A photographic exhibition by Kiarostami has been travelling the world and will make a quick stop in Iceland for the Reykjavik International Film Festival. The photographs belong to the Torino Museum of Cinema, but the exhibition has recently been displayed in the Victoria & Albert Museum of London, in San Paolo, Vienna and further. Two photographic series will be exhibited: The first series, 34 Untitled Photographs, is printed on canvas, in a large format (188 x 122 cm). The second series, The Roads of Kiarostami, includes 52 photographs of Iranian country roads taken between 1978 and 2003. The two series are accompanied by a video installation. Photography has become increasingly more important in Kiarostami's work, asserting itself as an independent means of expression. "Photographing a landscape is, for me, an invitation to contemplate nature ... For many years I would escape from the city, and indeed feel much better. Observing was a sedative for me. It has almost magical effect on me ... I suddenly find myself in the middle of the countryside, sometimes accompanied, but more often alone. Contemplating the cloudy sky and the massive trunk of a tree under a magical light is difficult when one is alone. Not being able to feel the pleasure of seeing a magnificent landscape with someone else is a form of torture. A camera allows me to share these sensations with others."

The Opening of Kiarostami's exhibition is on the 1st of October in the headquarters of Reykjavik Energy, followed by the European premiere of his recent short film The Roads.



Vegamót is somewhat the place of different trends. It's elegant but still casual, positioned in the heart of the city, just off Laugavegur on Vegamótastígur. It has the wonderful quality of being all in one, bistro, café and a bar. A place where you can have a great food and drink experience.

VEGAMÓT

Vegamótastígur 4 • 101 Reykjavík • (+354) 511 3040 • www.vegamot.is

Dómnefnd

Kristín Jóhannesdóttir, leikstjóri, lagði stund á nám í bókmenntum, kvikmyndafræðum og kvikmyndaleikstjórn í Frakklandi. Fyrsta bíómynd hennar, Á hjara veraldar, var frumsýnd 1983 og vakti athygli. Önnur mynd hennar, Svo á jörðu sem á himni, birtist 1992 og var þar á ferðinni stórt og metnaðarfullt verk. Sjónvarpsmyndir Kristínar hafa einnig vakið mikla athygli og má þar nefna Líf til einhvers og Glerbrot. Kristín hefur einnig sett fjölda verka á sviði í leikhúsi. Kristín er nýtekin við sem skólameistari Kvikmyndaskóla Íslands.

Hilmir Snær Guðnason, leikari, lauk námi við Leiklistarskóla Íslands árið 1994. Hann hefur verið fastráðinn við Þjóðleikhúsið síðan og farið með fjölmörg veigamikil hlutverk. Meðal hlutverka hans eru titilhlutverkið í Hamlet, en fyrir það hlutverk hlaut hann Menningarverðlaun DV, og fyrir Kristján í Veislunni hlaut hann Grímuna – íslensku leiklistarverðlaunin. Hann hefur einnig leikið í fjölmörgum íslenskum kvikmyndunum, en hann fékk Eddu-verðlaunin fyrir leik sinn í Hafinu. Hilmir Snær lék einnig í þýsku kvikmyndunum Blueprint og Erbsen auf halb sechs og ensku myndinni Guy-x.

Nína Dögg Filippusdóttir, leikkona, hefur getið sér gott orð fyrir leik sinn með leikhópnum Vesturporti og má þar helst nefna Rómeo og Júlíu. Woyzeck er næst á dagskrá og verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í september og Barbican Center í London. Auk þess hefur hún leikið í kvik-myndunum Hafinu, Villijósi, Sporlaus o.fl. Árið 2003 var Nína Dögg valin "Rísandi stjarna" sem er hluti af dagskrá kvikmyndahátíðarinnar í Berlin.

Dag Sødtholt, er norskur kvikmyndagagnrýnandi og blaðamaður og var fenginn hingað til lands á vegum alþjóðlegra gagnrýnendasamtakanna FIPRESCI. Hann hefur skrifað fyrir fjölda norska dagblaða, þar á meðal Film & Kino og Z. Sødtholt hefur setið í dómnefndum kvikmyndahátíða í Evrópu og víðar. Frá árinu 2002 hefur hann gegnt ábyrgðarstöðu í samtökum norskra kvikmyndagagnrýnenda.

When the Reykjavik International Film Festival draws to a close, the best film in competition will receive the **Discovery of the Year Award**. Fictional films by up and coming directors from various categories will compete for the award, which is given by a five-member jury. Those films eligible for the award are marked with a star in this catalogue.

Jury

Chairman of the jury: **Pawel Pawlikowski**, director, was born in Warsaw in Poland but has lived in Britain since 1971. He studied literature and philosophy, and later did research at Oxford University. Pawlikowski made a few documentaries for BBC in the early nineties. In the year 2000 he directed his first feature film, *Last Resort*, which won him the most promising newcomer award at the 2001 BAFTA awards and *Last Resort* was also nominated as best film. *Last Resort* was nominated for the European Film Awards. Earlier this year his latest film *My Summer of Love* won the BAFTA awards for best british film, which will be screened at the festival.

Kristín Jóhannesdóttir, director, studied literature, film studies and film direction in France. Her first film, *Á hjara veraldar* was premiered in 1983 and received recognition. Her second film, *Svo á jörðu sem á himni*, from 1992 was a large and ambitious production. Kristín's television films have also received acknowledgements, for example *Líf til einhvers* and *Glerbrot*. Kristín has also directed numerous pieces in theatre. Kristín is the head of the Icelandic Film Academy.

Hilmir Snær Guðnason, actor, graduated from the Icelandic School of Drama in 1994. He has worked for the National Theatre of Iceland since and has been in many leading roles. Among his roles is Hamlet, which he received the DV cultural award for. Hilmir Snær also received the Icelandic Drama Award for best actor for his role as Kristjan in *Festen*. He has been in numerous Icelandic films and received the Iceland Film Award for best actor for his part in *The Sea*. Hilmir Snær was also in the German films *Blueprint* and *Erbsen auf halb sechs* and the English film *Guy-X*.

Nína Dögg Filippusdóttir, actress, has gained critical acclaim for her parts with independent theatre group Vesturportíð, mainly for her role as Juliet in Romeo and Juliet. Woyzeck is her next project and will be premiered in Reykjavík City Theatre in September this year and put on stage at the Barbican Center in London. Nína Dögg has been in Icelandic films, *The Sea*, *Villiljós* and *Sporlaust*. In 2003 Nína Dögg was named as one of European films' Shooting Stars by European Film Promotion.

Dag Sødtholt, is a Norwegian film critic and journalist, and is a FIPRESCI (The International Federation of Film Critics) representative at the festival. He has written for various Norwegian newspapers and published film criticism for the Norwegian periodicals *Film & Kino* and *Z* regularly since 1997. Sødtholt has been a jurymember at film festivals throughout Europe. He is the General Secretary of the Norwegian Film Critics Association since 2002.



Námskeið

Í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík verða þrenn námskeið um kvikmyndagerð í boði.

Laugardaginn 1. október:

Velcrow Ripper (Hræddur / helgur) verður með námskeið í heimildamyndagerð á Kaffi Reykjavík kl. 14 – 16. Þar mun hann miðla af nær þrjátíu ára reynslu sinni sem kvikmyndagerðamaður, rithöfundur, vefhönnuður og hljóðhönnuður. Skráningargjald á námskeiðið er 1.500 kr. og skráning fer fram á www.filmfest.is.

Mánudaginn 3. október:

Abbas Kiarostami verður með námskeið í hátíðarsal Háskóla Íslands kl. 13 – 18. Heimildarmyndin 10 on Ten frá árinu 2004 verður sýnd í upphafi námskeiðsins og síðan rædd. 10 on Ten fjallar um sögu og gerð kvikmyndarinnar Tíu frá árinu 2002, en hún verður einnig sýnd í flokknum Kastljós á Kiarostami. Skráningargjald á námskeiðið er 5.000 kr. og skráning fer fram á www.filmfest.is.

Föstudaginn 7. október:

Stuart Samuels (Miðnæturmyndir: Af bekknum á miðjuna) mun fjalla um heimildarmyndir um poppmenningu í Tjarnarbíói kl. 15-17. „Það er búið að fjalla um 20. öldina og nú þurfa kvikmyndagerðarmann að beina linsunni að poppmenningu 21. aldarinnar, sérstaklega áhrifum bandarískrar poppmenningar á heiminn. Við þurfum á popp-heimildarmyndum að halda til að geta gagnrýnt poppmenninguna,“ segir Stuart um námskeið sitt. Skráningargjald á námskeiðið er 1.500 kr. og skráning fer fram á www.filmfest.is.

Málþing um íranskar kvikmyndir

Fimmtudagurinn 6. október:

Hinn ástsæli teiknimyndar-gerðarmaður Hayao Miyazaki sem vann til Óskarsverðlaunanna fyrir myndina Spirited Away árið 2003 er hér á ferðinni með sína nýjustu mynd, Töfrakastala Howls. Eins og áður sló hún öll aðsóknarmet í heimalandinu og var í efstu sætum vinsældarlistans frá nóvember fram til febrúar. Myndin segir frá hinni átján ára gömlu Sophie, en norn lagði þau álög á hana að hún skyldi festast í líkama gamallar konu og ekki geta sagt neinum frá því. Sophie leggur á sig langt og strangt ferðalag til að losna undan álögunum og endar í fljúgandi kastala myndarlega unga galdramannsins Howl. Þar vingast hún við eldskratta, Calcifer að nafni, sem lofar því að koma henni í sitt gamla horf ef hún hjálpar honum að losna undan samningi hans við Howl, en auðvitað getur hann ekki sagt henni hvernig hún eigi að leysa það verkefni af hendi. Myndin keppti um Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum árið 2004.

Beloved animator Hayao Miyazaki, who won an Oscar for his film Spirited Away, is back again with his latest film, Howl's Moving Castle. As before, his film has broken attendance records in Japan and was the most popular film from November to February. The picture tells the story of 18-year-old Sophie who is transformed into an old woman when a witch casts a spell on her. Sophie sets out on a strange, long journey in a quest to break the spell and finds herself at the ‘moving castle’ of the handsome wizard Howl. There she befriends Calcifer the fire demon who promises to change her back if only she helps him break his ties with Howl – but of course he cannot tell her how she might achieve this. The film was nominated for the Golden Lion at the 2004 Venice Film Festival.

40

VITRANIR – NEW VISIONS

REYKJAVÍK INTERNATIONAL FILM FESTIVAL



Dauði herra Lazarescu

THE DEATH OF MR. LAZARESCU

Moartea domnului Lazarescu

Cristi Puiu
Rúmenía - Romania, 2005
154 mín, SP Beta

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Saga hins hrjáða eldri borgara Dante Remus Lazarescu og vonlausrar leitar hans að læknisaðstoð um næturbíl í Búkarest varð óvæntur smellur á kvikmyndahátíðinni í Cannes þetta árið. Dauði herra Lazarescu, önnur mynd leikstjórans Cristi Puiu áorkar miklu: Augnablik fyrir augnablik gæðir myndin sorgmæta og brjóstumkennanlega reynslu hins hruma herra Lazarescu mikilvægi stórbrotinnar ævintýraferðar. Herra Lazarescu hringir á sjúkrahúsi um nótt vegna uppkasta og höfuðverkjar. Í fylgd sjúkraflutningamannsins Miora (Luminga Gheorghiu sem birtist í myndunum Code inconnu og Le Temps du loup eftir Michael Haneke), fer hann frá einum uppteknum lækni til annars, einum yfirfylltum spítala til annars þar til líf hans fjarar smám saman út. Myndin er nánast tekin upp í rauntíma í dæmigerðum rúmenskum hægagangi líkt og Puiu sjálfur hefur lýst yfir. Myndin inniheldur einnig þann svarta húmor sem einkennt hefur austur-evrópska kvikmyndagerð. **Vann hin virtu Un Certain Regard verðlaun á kvikmynda-hátíðinni í Cannes árið 2005.**

The story of bedraggled senior citizen Dante Remus Lazarescu and his Sisyphean quest for proper medical attention over one night in Bucharest was a sleeper hit at this year's Festival de Cannes. The Death of Mr. Lazarescu, the second feature by director Cristi Puiu, accomplishes no small feat: it invests the sad and pitiable moment-to-moment experiences of the ailing Mr. Lazarescu with the gravitas of an epic odyssey. Mr. Lazarescu calls the ambulance one night after vomiting and suffering headaches. Accompanied by medic Miora, he is taken from overworked doctor to overworked doctor, crowded hospital to crowded hospital, as his life slowly drains away. Shot in close to real time and described by Puiu as exhibiting a "typically Romanian slowness that builds palpable suspense", the film is also punctuated by a dark humour familiar from Eastern European cinema. **Won the Un Certain Regard award at the Cannes Film Festival in 2005.**

VITRANIR – NEW VISIONS



Einskonar hamingja

SOMETHING LIKE HAPPINESS

Stetsí

Bohdan Sláma
Tékkland/Þýskaland - Czeck Republic/Germany, 2005
100 mín, 35mm

EVROPUFRUMSÝNING
EUROPEAN PREMIERE

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Önnur mynd tékkenska leikstjórans Bohdan Sláma, Wild Bees, boðaði komu ungs athyglisverðs kvikmyndagerðarmanns. Stíll hans minnti mjög á tékknesku nýbylgjuna á 7. áratugnum en frumkvöðlar hennar voru snillingar á borð við Milos Forman, Jirí Menzel og Jan Nemec. Einskonar hamingja heldur Sláma áfram að þróa stíl sinn og persónusköpun enn frekar. Myndin gerist í úthverfi lítillar tékkneskrar borgar sem er ekki langt frá stærstu efnaverk-smiðju landsins og gefur okkur innsýn í líf nokkurra persóna. Monika vinnur í smávöruverslun og biður eftir því að kærastinn hennar George sendi boð á eftir henni um að koma til hans í Bandaríkjunum. Besti vinur hennar Tonik, elskar hana á laun. Líf Moniku og Tonik breytist skyndilega þegar þau þurfa að taka að sér börn vinkonu sem lögð er inn á geðsjúkrahús. Öglegmánnleg saga sem fjallar um það hvernig hamingja og lífsfylling geta leynst á ólíklegustu stöðum.

Bohdan Sláma's acclaimed breakthrough feature Wild Bees signaled the arrival of an exciting young director whose style hearkened back to the Czech New Wave of the sixties. In Something Like Happiness Sláma continues his wry, quirky exploration of the search for love and contentment by those living on the sombre fringes of the Czech Republic. Monika, Tonik and Dasha are friends from the same housing project in the industrial suburbs of a small Czech city, near the biggest chemical factory in the country. When Dasha is hospitalized for psychiatric treatment, Monika and Tonik take over her parenting duties and their lives begin to change for the better. But will this state of emergency be enough to open the eyes of these lost souls to all of life's potential? Sláma's endearing drama proves that happiness and fulfillment can come when and where they are least expected.

ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



Fallin

FALLEN

Krisana

Fred Kelemen
Lettland/Þýskaland – Latvia/
Germany, 2005
90 mín, 35mm

Fred Kelemen fæddist í Vestur Berlín árið 1964 þar sem hann hefur unnið jafnt við leikhús sem kvikmyndagerð. Hann sér sjálfur um kvikmyndaöku í myndum sínum og kennir við þýsku kvikmynda- og sjónvarpsakademíuna í Berlín. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir myndir sínar, m.a. til FIPRESCI verðlaunanna á Toronto kvikmyndahátíðinni fyrir kvikmyndina Örlög.

Fred Kelemen was born in West Berlin, in 1964 where he works in film and theatre. He worked as assistant director at various theatres and later directed productions himself. He is responsible for the camerawork of his films and also teaches at Berlin's German Film and Television Academy. He has received numerous awards for his films, among them the Fipresci Prize at Toronto Festival for Fate.

VITRANIR – NEW VISIONS



Fullkominn dagur

A PERFECT DAY

Joana Hadjithomas & Khalil Joreige
Líbanon/ Frakkland/Þýskaland – Lebanon/France/Germany, 2005
88 mín, 35mm

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Riga, Lettlandi. Safnvörðurinn Matiss Zelcs gengur fram hjá ókunnugri ungri konu á brú síðla nætur. Augu þeirra mætast í augnablik er hann heldur hjá. Seinna gerir maðurinn sér grein fyrir að konan vildi binda enda á líf sitt með því að kasta sér í djúp fljótsins. Hann hringir í lögregluna en þeir finna engin vegsummerki svo Matiss ákveður að komast, upp á eigin spýtur, að því hver stúlkan var. Hin ókunnuga kona, Alina, verður að áratту hans: ein vísbending liggur í smekklegri buddu sem skilin var eftir á nálægum bar, önnur er uppkast að bréfi. Matiss kemst að því að Alina yfirgaf allt fyrir elskhuga sinn, þar á meðal eiginmann og son. En þetta er einungis upphaf ferðalags sem hetjan þarf að fara í til að komast að sannleikanum um sjálfan sig. Grimmd ástarinnar, ófullnægð þrá, sekt, ástríða og yfirbót – þetta eru þau minni sem mest ber á í svart/hvítri kvikmyndasýn Fred Kelemen.

Riga, Latvia. During a late night walk, archivist Matiss Zelcs meets an unknown young woman on a bridge. In a short moment their eyes meet as he passes her by. Later the man realizes that the woman wanted to end her life by jumping into the depths of the river below. He calls the police but they don't find anything, so Matiss decides to find out who she was by himself. The unknown woman, Alina, becomes his obsession: one lead is in an elegant purse left at a nearby bar, another is a draft of a letter. Matiss finds out that Alina left everything for her lover, including her husband and son. But this is just the beginning of a journey the hero has to take to find out the truth about himself. The cruelty of love, unfulfilled desire, guilt, passion and redemption – these are the motifs that stand out in Fred Kelemen's black and white cinematic vision.

Fullkominn dagur er hugleiðing um áhrif líbönsku borgarastyrjaldarinnar eftir tvo af áhugaverðustu sjónlista- og kvikmyndagerðarmönnum sem vinna á því svæði í dag: Khalil Joreige and Joana Hadjithomas. Fullkominn dagur tekur fyrir veigamikla 24 tíma í lífi Claudiu og sonar hennar Malek. Eiginmaður Claudiu hvarf fyrir meira en 15 árum, á degi þegar meira en hundrað þúsund borgarar féllu í hörðum átökum, en þau hafa loks ákveðið að skrá hvarf hans opinberlega. Fullkominn dagur kannar hvort ákvörðun Claudiu og Malek að loksins hefja langa og erfiða sorg geti hjálpað þeim að fóta sig aftur í lífinu. Myndin einkennist af björtum litum og áhrifamiklum myndrænum samsetningum en er jafnframt djúpstæð könnun á sálrænum áhrifum áralangrar fordæmingar á dæmigerða fjölskyldu. **Vann til hinna virtu FIPRESCI-verðlauna á Kvikmyndahátíðinni í Locarno árið 2005.**

A Perfect Day is a mesmerizing meditation on the Lebanese civil war by two of the most fascinating visual artists and filmmakers working in the region today: Khalil Joreige and Joana Hadjithomas. A Perfect Day intimately chronicles a crucial twenty-four-hour period in the life of Claudia and her son Malek. Claudia's husband has been missing for more than fifteen years – since the days of the terrible conflict that resulted in the deaths of over one hundred thousand citizens and they have finally decided to officially report his disappearance. When the day is over, will Malek and Claudia be free from their weighty burden of so many years of traumatic uncertainty? Filmed in luminous colour and replete with spare, compelling compositions, A Perfect Day is a profound exploration of the psychological impact of years of perdition on a typical family. **Won the prestigious FIPRESCI-prize at the 2005 Locarno International Film Festival.**



Geimdraumar

DREAMING OF SPACE

Kosmos kak predchuvstvie

Alexey Uchitel
Rússland - Russia, 2005
90 mín, 35mm

Alexey Uchitel was born in St. Petersburg and graduated from the Russian State Institute of Cinematography (VGIK). He worked as a director and cameraman at Leningrad Documentary Film Studio and was the artistic director of the production company Rock Film Studio. Since 1974, he has directed over twenty-five documentaries.

Alexey Uchitel fæddist í St. Pétursborg og útskrifaðist frá Rússnesku kvikmynd-astofnunni (VGIK). Hann vann sem leikstjóri og kvikmyndatökumaður við heimildarmyndastúdíóið í Leningrad ásamt því að reka eigin framleiðslufyrirtæki. Hann hefur leikstýrt rúmlega 25 heimildarmyndum frá árinu 1974.

Pegar Sovétríkin sálugu sendu sinn fyrsta gervihnött út í geim árið 1957, fylltust sovéskir borgarar mikilli bjartsýni. Geimurinn táknaði frelsi og virtist sem gríðarstór vagga af möguleikum. Geimdraumar er um vonina um betri framtíð sem heltók heila þjóð gengsýrðri af tortryggni. Konyok er einfaldur og góðhjartaður kokkur og áhugaboxari sem býr í lítilli hafnarborg í Sovétríkjunum. Hann á í tygjum við þjónustu-stúkuna Lara og fylgjast þau með ferðum gervihnattarins af miklum áhuga. Í boxhringnum, hittir Konyok Gherman, duarfullan og lífsþreyttan fyrrum pólitískan fanga. Gherman á sér þann draum að flýja til Vesturlanda, en þarf fyrst að finna leið til þess. Eftir því sem þeir verða nánari vinir, kynnir Gherman Konyok fyrir möguleikunum sem liggja handa landamæra föðurlandsins. Upp vaknar sú spurning hvað örlögin hafa að geyma fyrir þessa tvo mjög svo ólíku menn. **Vann til verðlauna á Kvikmyndahátíðinni í Moskvu árið 2005.**

When the former Soviet Union launched its first satellite into space in 1957, the Soviet people were filled with an immense feeling of optimism. Space represented freedom, an enormous realm of potential beyond their own experience. Dreaming of Space is about the hope for the future that gripped a nation corroded by cynicism. Konyok is a simple, good-natured cook and amateur boxer, lives in a small port city in the USSR. He is involved with a waitress named Lara and the two follow the satellite's movements with rapt attention. In the boxing ring, Konyok meets Gherman a mysterious, jaded former political prisoner. Gherman harbors a secret desire to defect to the West but must first figure out how he might do so. As these two become close, Gherman introduces Konyok to the possibilities that lie beyond the borders of the motherland. **Won the Golden St. George award at the Moscow International Film Festival in 2005.**



Orrusta á himnum

BATTLE IN HEAVEN

Batalla en el cielo

Carlos Reygadas
Mexíkó – Mexico, 2005
98 mín, SP Beta

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Carlos Reygadas fæddist í Mexíkóborg árið 1961. Hann nam alþjóðarétt í Mexíkó og London en sneri sér síðar að kvikmyndagerð. Hann hóf að gera stuttmyndir árið 1998 og sneri síðan til Mexíkó þar sem hann gerði kvikmyndina Japan sem hlaut einróma lof gagnrýnenda.

Carlos Reygadas was born in Mexico City in 1961. He originally studied international law in Mexico and London but soon turned his interest to cinema. He began making shorts in 1998 and then returned to Mexico, where he made the critically acclaimed film Japón.



Hákarl í höfðinu

SHARK IN THE HEAD

Žralok v hlave

Maria Procházková
Tékkland – Czech Republic, 2005
75mín, 35mm

EVRÓPUFRUMSÝNING
EUROPEAN PREMIERE

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Hákarl í höfðinu, kvikmynd Mariu Procházková, kannar óendanlega möguleika tæknibrella og stafrænnar myndvinnslu til þess að koma til skila heimssýn aðalsöguhetju sem þjáist af ofskynjunum. Söguhetjan, hr. Sherman, er að mörgu leyti hinn dæmigerði nútímaborgarbúi. Hann er einhleypur, miðaldra og gengur um í náttslöpp og á innskóm, er með vindling og þriggja daga skegg. Hann er alltaf tilbúinn að skeggræða heima og geima við þá sem eiga leið hjá litlu íbúðinni hans í Prag – og lætur ekki á sig fá þótt hann sé ekki virtur viðlits. Hæglætislegt viðmót hans gefur þó lítið uppi um “hákarlinn í höfðinu” og sjúkdóminn sem hann þjáist af sem leiðir til þess að yfirvöld reyna að koma honum á stofnun. Hákarl í höfðinu er mögnuð könnun á sálarlífi þjáðrar manneskju, snilldarlega framsett af einum að efnilegustu leikstjórum Tékklands.

Director Maria Procházková's Shark in the Head boldly exploits the infinite potential of special effects and digital imaging to convey one delusion-al man's unique view of the world. In some ways, Mr. Seman is a familiar urban character: the single, middle-aged man in his slippers, boxers and undershirt, cigarette in hand and stubble on his face, who hovers at his open window or loiters on his stoop all day. He does not hesitate to chat up anyone who passes by on the quiet street outside his small Prague apartment - whether his existence is acknowledged or not. However, his kindly, placid demeanor conceals the shark in his head and the “disease of the chicken butts” he suffers - hallucinations which have led the local officials to try to have him institutionalized. Shark in the Head is one of the most striking character studies in recent memory, as rendered by an exciting, emerging Czech director.



Postulínsbrúðan

PORCELEAIN DOLL

A Porcelánbaba

Péter Gárdos
Ungverjaland – Hungary, 2005
119 mín, 35mm

EVRÓPUFRUMSÝNING
EUROPEAN PREMIERE

Péter Gárdos hóf að vinna við kvikmyndagerð er hann nam rússneskar og ungverskar bókmenntir og málvísindi í háskóla. Hann starfaði sem aðstoðarleikstjóri og leikstýrði nokkrum heimildarmyndum áður en hann gerði sína fyrstu mynd í fullri lengd.

Péter Gárdos began making films while studying Russian and Hungarian literature and linguistics at ELTE University. He worked as an assistant director and directed several documentaries at the Hungarian Film Production Company's News and Documentary Studio before making his debut feature film.

Marcos er bílstjóri fyrir fjölskyldu herforingja. Hann og kona hans ræna barni til að heimta lausnarfé en barnið deyr óvænt, Marcos til mikillar skelfingar. Hann trúir Ana, dóttur herforingjans, fyrir sólaröggunni og Ana býður honum huggun í formi kynlífs. Samviska Marcos kvelur hann áfram og heldur hann af stað í pílagrímsför til Lafði Guadalupe. Eftir hina mögnuðu frumraun Japan, snýr Carlos Reygadas sér aftur að þemum kynlífs, dauða og andlegum viddum lífsins. Örlög Marcos, Ana og eiginkonu Marcos tvinnast saman í sögu sem stillt er upp andspænis þrúgandi andrúmslofti hinnar mannmörgu höfuðborgar Mexíkó. Þar tekst leikstjóranum að birta áleitin kynlífsatriði á máta sem yfirstígur klámfengni og öðlast þess í stað yfirskilvitlegan merkingu. **Var tilnefnd til Gullpálmans á Kvikmynda-hátíðinni í Cannes árið 2005.**

Marcos is the chauffeur for a general's family. He and his wife kidnap a baby for the ransom money, but the child unexpectedly dies and Marcos feels terrible. He he confides in Ana, the general's daughter, and she (who prostitutes herself for the fun of it) offers him sex by way of comfort. Marcos continues to feel guilt and sets out on a pilgrimage to Our Lady of Guadalupe. Carlos Reygadas, in his second film after the remarkable debut Japan, returns to the themes of sex, death and life's spiritual dimension. The interplay between Marcos, Ana and Marcos' wife unfolds in the oppressive atmosphere of Mexico's overcrowded capital. The daring use of shots of fellatio lacks the expected pornographic tinge but take a metaphysical dimension. **Nominated for the Golden Palm at the Cannes Film Festival in 2005.**

Postulínsbrúðan er gerð eftir smásagnasafninu Stjörnubýlið eftir Ervin Lazar. Hún samanstendur af þremur einstökum ævintýrum um yfirnáttúrulega atburði sem eiga sér stað þegar samfélag ungverskra bænda fær heimsókn frá yfirvaldinu. Péter Gárdos smíðar undursamlega dularfullan heim í þessum kaldhæðnislegu en ævintýralegum sögum sem minna á Trilógíu lífsins eftir Pasolini. Postulínsbrúðan er með jarðbundnum dreifbýlisbrag enda að mestu leikin af ófaglærðum þorpsbúum, en yfirnáttúrulegir atburðirnir í verki Lazar breyta þessum sögum í stórkostlegar þjóðsögur og ævintýri. Atriðin eru mörg hver hlaðin táknrænni merkingu, en slitrótt samtöl og undarlegar hreyfingar myndavélar í samvinnu við endurtekin skot ljá kvikmyndinni dulúð töfra-raunsæis. Þrátt fyrir sveitalegt umhverfið færir Gárdos okkur handan hins kunnuglega með ævintýralegum sögum af eyðingu og uppstigningu.

Adapted from Star Farm a book of short stories by Ervin Lazar, the three distinct fairy tales of Porcelain Doll concern the supernatural occurrences that arise when a community of Hungarian farmers is visited by the forces of state power. Peter Gardos crafts a divinely mysterious world in these wry, surreal fables reminiscent of Pasolini's Trilogy of Life. Porcelain Doll is earthy and rural, largely performed by non-professional villagers (credited as people living on farms), but the paranormal events of Lazar's work transform these tales into the loftiest of myths and legends. Reading allegory into the cryptic scenes - Csurmándi's messianic Soviet bureaucrat, for example is inevitable, but Gardos tantalizingly refuses to make anything explicit. Scarce dialogue, unnatural camera movements and repeating shots contribute to the film's magical realist mystique. Despite the folksy surroundings, Gardos unmoors us from the familiar with his fantastical dramas of destruction and resurrection.



Sumarást

MY SUMMER OF LOVE

Pawel Pawlikowski
Bretland/Pólland - UK/Poland
2004
86 mín, 35mm

Pawel Pawlikowski was born in Warsaw, and has lived in Britain since 1971. A director of award-winning documentaries, his first feature film The Stringer, was screened at the Cannes Film Festival in 1998, while his second Last Resort received awards at several international film festivals.

Pawel Pawlikowski er fæddur í Varsjá en hefur búið í Bretlandi frá árinu 1971. Fyrsta mynd hans í fullri lengd, The Stringer var sýnd á Kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 1998. Fyrir þá mynd og aðra mynd sína, Last Resort hlaut Pawlikowski fjölmargar viðurkenningar.

Ástarsumarið mitt fjallar um samband tveggja vinkvenna, Monu og Tamsin, en þær eru hvor af sinni stéttinni. Hugmyndin að myndinni er sótt í samnefnda skáldsögu eftir Helen Cross. Mona er einræn táningsstúlka sem býr með bróður sínum Phil í gamalli krá sem hann sá um áður en hann tók heilagan anda fram yfir vínandann. Dag einn hittir hún hina ríku og rótlausu Tasmin ofan við þorpið þeirra í Yorkshire, en Tasmin hefur nýverið verið rekin úr enn einum heimavistar-skólanum. Þær vilja báðar flýja líf sitt meðan Phil vill bjarga þeim, eins og hann vill bjarga öllum öðrum. Þegar þessir þrír einstaklingar bestast fer sérkennileg atburðarás af stað sem tekur óvænta beygju undir lokin. Myndin sýnir á stór-kostlegan en látlausan hátt skin og skúri sumarsins hjá þremur enskum ungmennum.**Vann verðlaun sem besta mynd á Edinborgarhátíðinni árið 2004. Auk þess var hún valin besta breska myndin á BAFTA verðlaunahátíðinni.**

My Summer of Love is a gripping story about a friendship between two young girls of different backgrounds, based on a novel by Helen Cross. Mona lives with her brother, Phil, who used to run a pub before he found God and poured all the booze in the sink. Tamsin is rich, spoiled and trying to live a life of seductive decadence. Mona and Tamsin meet on the moors above their quiet Yorkshire village, and begin an intense, unlikely friendship. While Tamsin is tragically inclined and fantastical, Mona is rough and witty. Both want to escape their lives but Phil wants to save them and everybody else. As the lives of the three characters converge, a struggle between good and evil leads to a dramatic and shocking climax. **Awarded as New British Feature at the Edinburgh International Film Festival in 2004.**



Rekkjusögur

BED STORIES

Postelnyye stseny

Kirill Serebrennikov
Rússland – Russia, 2004
70 mín, 35mm

Kirill Serebrennikov lærði eðlisfræði og stærðfræði í Rostov State University í Rússlandi. Hann hefur leikstýrt fjölda auglýsinga og tónlistarmyndbanda, sem og mörgum velheppnuðum leikhúsverkefnum. Rekkjusögur er hans önnur mynd í fullri lengd.

Kirill Serebrennikov studied physics and mathematics at Rostov State University in Russia. He has directed numerous commercials and music videos, as well as widely acclaimed theatre projects. Bed Stories is his second feature.

Rekkjusögur eru nákvæmlega það sem titillinn gefur til kynna: sjö samtengdar sögur sem gerast allar í rúminu. Kirill Serebrennikov hefur safnað svipmyndum af lífinu í ónafngreindri rússneskri borg gegnum samtöl og rífrildi, tjáningu ástar og haturs, gamanleik og angist fólks í nánum kynnum í rúminu. Undir sænginni er fólk tilfinningalega nakið; þar opinberast þau og játa syndir sínar. Serebrennikov hefur getið sér gott orð sem framúrstefnulegur leikhúsmaður og nýtir sér tilraunakennda kvikmyndataekni við leikræna framsetningu Rekkjusagna, sem er upphaflega byggð á leikrit eftir Presnyakov-bræður. Hinn reyndi og hæfileikaríki leikarahópur nær að túlka náttúralisma handritsins af sannfæringu. Á sama tíma verður rúmið sjálft heillandi persóna í eigin veldi, þögult og viðvarandi vitni að kjánaskap mannlegs sársauka og ástríðu sem Serebrennikov sviðssetur af listfengi sem harmrænan farsa.

Bed Stories is just that: seven interconnected short stories that all take place in bed. Kirill Serebrennikov has compiled a portrait of life in an anonymous Russian city through the conversations and arguments, the expressions of love and hate, the comedy and the agony of people in intimate relationships in bed. People are at their most unguarded and emotionally naked under the covers; here they are laid bare and confess their sins. Serebrennikov has carved out a glowing reputation as an avant-garde theatre artist and he brings experimental film techniques to bear on the theatrical staging of Bed Stories, which is based on a play by the Presnyakov brothers. The experienced ensemble cast is hugely talented, each performer confronting the challenging naturalism of the script with conviction. Meanwhile, the bed becomes a fascinating character in its own right; a silent, enduring witness to the foolishness of human passions and pain Serebrennikov artfully stages as tragic farce.



Teningunum er kastað

YOU BET YOUR LIFE

Spiele Leben

Antonin Svoboda
Austurríki - Austria, 2005
98 mín, 35mm

Teningunum er kastað er fyrsta mynd leikstjórans Antonin Svoboda í fullri lengd en hann hefur framleitt fjölda mynda og má nefna Darwin's Nightmare sem er sýnd núna á hátíðinni. Aður hefur hann leikstýrt nokkrum stuttmyndum og heimildarmyndum.

Antonin Svoboda was born in Vienna and studied at the Film Academy Vienna. He has produced many notable recent films including the 2004 Festival selections Darwin's Nightmare and Hotel. In addition to several commercials, he has directed the short films and documentaries. You Bet Your Life is his first feature film.

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION



Ungur og vitlaus

STUPID BOY

Garçon stupide

Lionel Baier
Sviss – Switzerland, 2004
94 mín, 35mm

Lionel Baier fæddist í Lausanne árið 1975. Hann er sjálfærður kvikmyndagerðarmaður og hefur áður sent frá sér stuttmyndir og heimildarmyndir. Ungur og vitlaus er fyrsta mynd hans í fullri lengd.

Lionel Baier was born in Lausanne in 1975. A self-taught filmmaker he worked as an assistant director before making his first short film in 1999. This was followed by two feature length documentaries. Stupid Boy is his first feature fiction film.

Kurt er samviskulaus spilafíkill sem er algjörlega búinn að missa tókin á tilverunni og ákveður til að gera hlutina áhugaverða og láta teninga ráða athöfnum sínum. Þetta verður til þess að líf hans tekur miklum breytingum og fær hann t.d. margvísleg starfstilboð. Einnig hittir hann eiturlyfjafíkilinn Tönju sem hann dregur með sér í þetta hættulega fjárhættuspil. Þótt gæfan virðist fylgja Kurt í fyrstu þá er hún, eins og við öll vitum, hverful. Þessi frumraun leikstjórans Antonin Svoboda er kraftmikil og áleitin könnun á því hvað gerist þegar reglur samfélagsins eru gefnar upp á bátinn, og tilviljunin látin ráða.

Kurt is a manipulative compulsive gambler whose life is spiraling out of control. A man with no limits or discipline, he makes the extreme decision to put his very life on the line by allowing dice to dictate his destiny. This process gets him job offers and soon leads him to Tanja, a sexy, unruly drug addict whom he implicates in his increasingly obsessive game. But while it seems that luck is on his side and Kurt will redeem himself, living by such an arbitrary method can only lead to chaos and mania - and he may just drag his new lover down with him. You Bet Your Life, the first feature by Austrian director Antonin Svoboda, is an intense examination of what happens when a man stops playing by society's rules and leaves his fate to chance.

Ungur og vitlaus fjallar um Loic, ungan samkynhneigðan mann sem leitar lífsfyllingar. Hann starfar í súkkulaðiverksmiðju og deilir tíma sínum milli ástar-ævintýra og vinskapar við tryggja æskuvininn Marie. Loic lítur á kynlíf eins og hverja aðra neyslu, og neitar að sama skapi horfast í augu við eigin tilfinningar. Þegar Loic kynnist Lionel, dullarfullri sögupersónu sem aldrei sést í myndinni, opnast honum ný sýn á lífið á miklvægum tímamótum. Þessi frumraun svissneska leikstjórans Lionel Baier hefur vakið athygli á kvikmynda-hátíðum og hlotið frábæra umsögn gagnrýnenda.

Loic, a young, gay man in Switzerland, fills the emotional void of his turbulent sex life with dreams of self-betterment. He divides his time between his daytime job in a chocolate factory, nocturnal homosexual adventures, and Marie, a childhood friend. With characteristic adolescent frenzy, Loic has a consumerist attitude to sex, without ever questioning his real expectations. In the middle of all this there is Lionel - present to the audience only as a voice over. He is a strange friend, whose talk sometimes puzzles Loic but who opens up for him a whole new way of thinking, as he passes from total immaturity to a growing sense of self awareness. Stupid Boy is Lionel Baier's debut feature. Its fresh and resonant character study has impressed critics and film festival audience alike.



Afram veginn

AND LIFE GOES ON...

Zendegi va digar hich

1991

Premur dögum eftir hörmulegan jarðskjálfta í norðurhluta Íran halda feðgar af stað til þorps á hamfarasvæðinu í leit að Ahmed og Babak, aðalleikurunum ungu úr Hvar er heimili vinarins? Á leiðinni hitta þeir marga sem urðu vitni að hamförunum og jafnvel nokkra sem komu fram í myndinni, en þeir finna engin merki um Ahmed og Babak. Þessi undarlega vegamynd er áminning um vonina sem getur jafnvel birtst í skugga hamfara.

Three days after a disastrous earthquake in the the North of Iran, a father and son set out to go to a village in the stricken area to determine the well-being of Ahmed and Babak, the two young actors of Where is the Friend’s House? Along the way they meet many who witnessed the disaster, even some who had appeared in the film, but still there is no sign of Ahmed and Babak. This strange road movie, an authentic piece of truth filmed in great simplicity, is a reminder of the hope that suddenly appears even in a disaster.

Hvar er heimili vinarins?

WHERE IS THE FRIEND’S HOME?

Khane-ye doust kodjast?

1987

Mohammad er víttur af kennaranum sínum fyrir að mæta ekki með stílabókina sína í skólann og hótað brottrekstri gerist það aftur. Þegar heim er komið uppgötvar Ahmed, sessunautur hans, að hann hefur tekið stílabók vinar síns í misgripum. Þar sem hann vill ekki vera valdur að því að vini hans sé refsað, hleypur Ahmed yfir í næsta þorp til að skila Mohammad bókinni. En eftir röð óhappa, ævintýra og árangurslausra fyrirspurna virðist Ahmed fyrirmunað að finna heimili vinar síns og neyðist því til að snúa aftur heim. Myndin er sjónrænt ljóð um fólk, lífið og vináttu.

Young Mohammad is scolded by his teacher for not bringing his notebook and threatened with expulsion if he does it again. In the afternoon, Ahmed, the boy sitting next to him, discovers that he has taken his friend’s notebook by mistake. Not wishing to be the cause for his friend being punished, Ahmed runs to the neighboring village to give Mohammad his noteb-ook. However, after a series of mishaps, adventures and having asked everywhere, Ahmed is unable to find his friend’s home and is forced to return to his own home. The film is a visual poem about people, life and friendship.



Heimavinna

HOMEWORK

Mashgh-e Shab

1989

Heimavinna nemenda og þörf þeirra til að hjálpa foreldrum sínum eru helstu vandamálin sem eru tekin fyrir í þessari heimildarmynd, en myndin samanstendur eingöngu af viðtölum við íranska nemendur. Þó að börnin reyni hvað þau geta til að halda fjölskyldu-leyndarmálum fjarri viðtölunum þá tekst það ekki alltaf og upp á

yfirborðið koma m.a. frásagnir af því hvernig þeim er refsað og af fátækt og ólæsi foreldranna.

Pupils’ homework, their need to help their parents and the way families deal with this problem are the main issues raised in this documentary. The film is made up exclusively of interviews with Iranian pupils. Although the children try to hide the secrets of their families away, they don’t always succeed. As a result, other issues are brought up, including the beating and punishment of the children, and the parents’ illiteracy and poverty.

Tíu

TEN

2002

Kiarostami kom tveimur stafrænum myndavélum fyrir á mælaborði bíls. Annarri var beint að ungum kvenkyns bílstjóranum og hinni að hverjum þeim er sæti í farþegasætinu. Í tíu aðskildum senum, sem tengjast varla á nokkurn hátt, tekur hann upp fólkið í bílnum og sýnir okkur þeirra innri heim. Í fyrstu senunni fylgjumst við með ungum syni bílstjórans ásaka hana. Hann hefur ekki enn fyrirgefið henni að hafa skilið við föður hans og giftast á ný. Þessu fylgja svo níu samtöl við konur sem bílstjórinn ýmist þekkir eða ekki. Stafræna myndavélin fangar hráar tilfinningar þeirra af sjaldséðri einlægni. Það sem birtist smátt og smátt í kvikmyndinni er ekki aðeins mynd af einni konu heldur samfélagi þar sem konur eru að reyna að finna sína eigin rödd.

Kiarostami mounted two digital cameras on the dashboard of a car: one turned towards the young female driver, and the other towards the person in the passenger seat. In 10 separate sequences, hardly intervening at all, he films the people in the car and reveals their inner world. In the first sequence we watch the driver’s young son accusing her: he hasn’t forgiven her for divorcing his father and remarrying. This is followed by nine other conversations with women – both known and unknown – to the driver. The digital camera captures their raw emotions with a rare frankness. What gradually emerges from the film is not simply the portrait of one woman, but of a society where women are trying to find a voice of their own.



Keimur af kirsuberjum

TASTE OF CHERRY

Ta’m e guilass

1997

Nærmynd

CLOSE UP

Nema-ye nazdik

1990

Sagan af lítilli blekkingu verður efniviður flókinnar kvikmyndar á mörkum skáldskapar og veruleika, með raunverulegum sögupersónum í aðalhlutverkum. Hinn örvæntingarfulli og auralausi leikstjóri Ali Sabzian kynnir sig fyrir ríki fjölskyldu sem hinn þekkti kvikmyndaleikstjóri Moshem Makhmalbaf og reynir að sannfæra þau um að fjármagna nýjustu mynd sína, sem tekin væri upp á heimili þeirra og með fjölskyldusoninn í aðalhlutverki. Þegar upp kemst um svikin er Sabzian handtekinn og færður í fangelsi. Þá kemur Kiarostami til sögunnar ásamt kvikmyndatökuliði sínu og tekur upp viðtal við Sabzian án vitneskju hans. Myndin kannar hinar mörgu hliðar sambands gerenda og fórnarlamba við kvikmyndina og sannleikann og lygar.

The story of a minor scam becomes the subject of a complex film, somewhere between documentary and fiction, based on a true story and featuring its actual protag-onists: the desperate and penniless Sabzian, an aspiring film director, who introduces himself to a wealthy family as the famous film director Moshem Makhmalbaf and tries to convince them to finance a film to be shot in their home, starring the family’s son. When the scam is revealed, Sabzian is arrested and jailed. Then Kiarostami comes along with his film crew, to shoot an interview with Sabzian without his knowledge. The film explores the multi-faceted relationship of perpetrators and victims with the cinema, but also with truth and lies.

Bandi’i ekur um Teheran í leit að manni sem er tilbúinn að jarða hann morguninn eftir, því hann ætlar að fyrirfara sér um kvöldið. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir finnur hann Begheri, aldraðan safnvörð sem er tilbúinn að vinna verkið. Bandi’i gefur honum leiðbeiningar, þar á meðal að tryggja að hann sé örugglega dáinn áður en hann grefur hann. Þó Begheri hafi samþykkt að aðstoða Bandi’i vegna trúar sinnar á frelsið, reynir hann þó að tala hann af því með undraverðri frásögn þar sem hann játar meðal annars að hann hafi viljað fyrirfara sér í fortíðinni og hvernig honum snérist hugur vegna bragðsins af kirsuberjum. Tilvistarleg orðræða myndarinnar umbreyt-ist í óð til lífsins og fegurðarinnar sem leynist í hinum einföldustu birtingarmyndum þess.

Hlaut gullpálmann í Cannes árið 1197.

Bandi’i drives around Teheran in his jeep, looking for someone who will undertake a well-paid job, i.e. to bury him the following day, since he is going to kill himself that evening. After several unsuccessful encounters, he finds Begheri, an elderly museum-guard, to whom he gives instructions, including making sure he is indeed dead before burying him. Bagheri agrees to help Bandi’i because he believes in freedom, but then tries to talk him out of it, confessing his own similar wish to commit suicide in the past and how he changed his mind thanks to the taste of cherry and berries. The film’s deeply existential discourse becomes a hymn to life and to the beauty hiding in its simplest manifest-ations. **Golden Palm Awards 1997.**



Dagrenning

DAYBREAK

Dame sobh

Hamid Rahmanian
Íran – Iran, 2005
85 mín, 35mm

EVRÓPUFRUMSÝNING
EUROPEAN PREMIERE

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Hamid Rahmanian er kvikmyndagerðarmaður og grafískur hönnuður. Hann lauk námi við listadeild Teheran-háskóla og framhaldsnámi í stafrænni teiknimyndagerð við Pratt Institute í New York. Dagrenning er fyrsta mynd hans í fullri lengd.

Hamid Rahmanian is a filmmaker and graphic designer. He holds a B.F.A. from the University of Teheran in Graphic Design and earned a M.F.A. in Computer Animation in 1997 from the Pratt Institute in New York. Daybreak is his first feature length film.

Dagrenning er fyrsta leikna mynd íranska leikstjórans Hamid Rahmanian. Hann hefur skapað sér nafn sem leikstjóri heimildarmynda, sem hlotið hafa góðar viðtökur á alþjóða-visu. Kvikmyndin Dagrenning er byggð á sönnum sögum er tengjast írönskum lögum um dauðadóma. Pau veita fjölskyldu fórnarlambs dæmds morðingja ákvörðunarvald yfir lífi morðingjans. Myndin er tekin upp í rótgrónu fangelsi í Teheran og fjallar um hinn dauðadæmda Mansour, sem biður örlaga sinna sem eru háð geðþóttaákvörðun fjölskyldu fórnarlambsins, sem hann er fundinn sekur um að hafa myrt. Þegar fjölskyldan kemur ekki á fyrirhuguðum aftökudegi, er henni sífellt frestað og Mansour horfir á tímann liða áfram fyrir utan fangelsið á meðan hann biður eftir hefnd eða fyrirgefningu fjölskyldunnar. Dagrenning er Evrópufrumsýnd á Alþjóðlegu kvikmynda-hátíðinni í Reykjavík.

In Iran, capital punishment is carried out according to Islamic law, which gives the family of the victim ownership of the offender's life. Day Break – based on a compilation of true stories and shot inside Tehran's century-old prison – revolves around the imminent execution of Mansour, a man found guilty of murder. When the family of the victim does not show up on the appointed day of the sentencing, Mansour's execution is postponed again and again. Stuck inside the purgatory of his own mind, he waits as time passes on without him, caught between life and death, retribution and forgiveness.



Járneyjan

IRON ISLAND

Jazireh Ahani

Mohammad Rasoulof
Íran / Iran, 2005
90 mín, SP Beta

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Mohammad Rasoulof fæddist í Shiraz árið 1973. Hann útskrifaðist úr félagsfræði frá háskólanum í Shiraz og lærði klippingu í Sooreh háskólanum í Tehran. Fyrsta mynd hans í fullri lengd, Ljósaskiptin (Gagooman, 2002) var sýnd og verðlaunuð víðs vegar um heiminn. Járneyjan er hans önnur mynd í fullri lengd.

Mohammad Rasoulof was born in Shiraz, in 1973. He graduated in Sociology from Shiraz University and then studied editing at Sooreh University in Tehran. In 1991 he shot six shorts and a documentary. He also worked as an actor for several directors. His first feature film Twilight (Gagooman, 2002) was shown and awarded around the world. Iron Island is his second feature.



Ein nótt

ONE NIGHT

Yek Shab

Niki Karimi
Íran – Iran, 2005
90 mín, SP Beta

★ Í KEPPNI
IN COMPETITION

Niki Karimi fæddist í Teheran árið 1971. Eftir að hún lauk grunnskólanámi byrjaði hún að leika í kvikmyndum en snéri sér síðan að leikstjórn. Ein nótt er fyrsta myndin í fullri lengd sem Niki Karimi leikstýrir.

Niki Karimi was born in Teheran, 1971. After graduating from high school she began a career in acting, before turning to directing. One Night is her first feature film as a director.

Myndin gerist á einni nóttu í Teheran í Íran. Hún segir frá ungri skrifstofudömu sem býr með móður sinni í lítilli íbúð. Þegar hún kemur heim úr vinnu eitt kvöldið, biður mamma hennar hana um finna sér annan næturstað því von er á kærastanum í heimsókn. Stúlkan ráfar um götur Teheran alla nóttina og hittir fyrir þrjá ókunnuga menn, sem allir hafa mismunandi, en alvarlegar sögur að segja. Myndin sýnir ofbeldið sem þrífst undir yfirborðinu í Teheran, ringulreiðina sem einkennir borgina, og fólkið sem reynir að finna sér eitthvað til að lifa fyrir. Borgin er ekki lengur griðastaður þessa fólks heldur staður sem það vill komast sem lengst í burtu frá. Ein nótt var sýnd á kvikmyndahátíðinni í München í sumar, og á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

A young woman who works as an office clerk lives with her mother in a cramped apartment in Teheran. One evening when she comes home from work, her mother asks her to go and sleep somewhere else, since she's expecting her boyfriend. The girl wanders around the city all night long. She comes across three men, each with a different story to tell. Niki Karimi: "The main character has been transformed by a long strange nocturnal journey. It's like a thousand and one stories occur unseen in the city. We have just followed a few of them. The lies, the violence, the sex seethe beneath the surface and people look for a foothold in all of this. The city, instead of being a refuge, is turned into a space people try to escape from". One Night was selected for the Munich Film Festival and the Un Certain Regard-category at Cannes this year.



Landamærakaffi

BORDER CAFÉ

Café Transit

Kambuzia Partovi
Íran – Iran, 2005
105 mín, 35 mm.

EVRÓPUFRUMSÝNING
EUROPEAN PREMIERE

Kambuzia Partovi er íranskur leikstjóri sem hefur vakið mikla athygli fyrir verk sín undanfarin ár. Hann hefur leikstýrt fjölda mynda og skrifaði jafnframt handritið að myndinni Earth and Ashes sem vann til fjölda verðlauna, m.a. á Cannes kvikmyndahátíðinni í fyrra.

Kambozia Partovi is an Iranian writer and a director who has received numerous awards for his work. He wrote the script to Earth and Ashes, which received many awards, among others at the Cannes Film Festival last year.

Hvert er hið sanna andlit fátækta? Fólk lifir á suðurströnd Íran án þess að hafa þak yfir höfuðið, og veraldlegar eigur hvers og eins kæmust fyrir í einum sekki. Mæður hafa hvorki mat né lyf fyrir börn sín þar sem þær biða mánuðum saman eftir því að eiginmenn þeirra snúi aftur úr veiðitúrum. Ungir menn sjá enga ástæðu til að trúa að nokkuð skáni. Dætur eru háðar miskunn feðra sinna, sem ákvarða hverjum þær muni giftast. Hinir fátækustu finna skjól í ryðguðum, hálfökkvandi bát undir stjórn skipstjórans Nemat. Hið áður friða fley er orðið slíkt hró að það helst varla saman, en er eini staðurinn þar sem hinir fátækustu komast af. Þó getur ástin enn blómstrað og dauðinn sinnir sínu verki. Járneyjan var sýnd á Director's Fortnight-dagskránni á Cannes hátíðinni í ár.

What is the true face of poverty? People live on the southern coast of Iran without a roof over their heads, and all their worldly possessions would fit into a bundle. Mothers have neither food nor medicine for their children because they wait for months for their husbands to return from sea. Young men have no reason to believe that things will be better for them. Daughters are at the mercy of fathers who decide whom they will marry. The poorest of the poor find refuge on a rusty, half sinking boat commanded by Captain Nemat. The once imposing vessel has become a wreck barely held together but it is a place where they can at least survive, since nothing else is possible to them. Yet, here too, love can flower and death does its work. Iron Island was screened in the Director's Fortnight at this year's Cannes film festival.



Beint á vegginn

HEAD ON

Gegen die Wand

Fatih Akin
Þýskaland/Tyrkland – Germany/
Turkey, 2004
121 mín, 35 mm

Fatih Akin fæddist árið 1973 í Hamborg og á tyrkneska foreldra. Hann nam sjónræn samskipti í listaháskólanum í Hamborg. Árið 1995 skrifaði hann og leikstýrði fyrstu stuttmyndinni sinni. Myndin Yfir brúna – hljóðin í Istanbul verður frumsýnd síðar á árinu.

Fatih Akin was born in 1973 in Hamburg of Turkish parentage and studied Visual Communications at Hamburg's College of Fine Arts. In 1995 he wrote and directed his first short feature. His latest film, Crossing the Bridge - The Sound of Istanbul, will premiere later this year.

Í Beint á vegginn er sagt frá Sibel sem er ung og falleg tyrknesk stúlka í Þýskalandi. Dag einn biður hún Cahit að giftast sér til að losna úr viðjum íhaldsseminnar sem fjölskylda hennar heldur í, en hún fylgir ströngum tyrkneskum siðum og múslimatrú. Cahit er einnig tyrkneskur innflytjandi sem er að reyna að hefja nýtt líf eftir að hafa átt í vandræðum með vímuefni. Cahit og Sibel búa undir sama þaki, en eiga bæði í samböndum við annað fólk. Smám saman gera þau sér grein fyrir því að þau elski hvort annað, en þá er það kannski um seinan... Myndin fjallar um tyrkneska innflytjendur í Þýskalandi og hvernig þeim tekst að fóta sig í vestrænu samfélagi. **Myndin vann gullbjörnninn á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín árið 2004, auk þess að hafa sópað að sér verðlaunum og tilnefningum víðast hvar í Evrópu.**

